

REGLUR

UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

Reglur þessar eru settar af stjórn A/F Rekstraraðila ehf. („Rekstraraðili“) á grundvelli 2. máls. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ennfremur, þó að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða séu ekki fjármálafyrirtæki,¹ þá var höfð hliðsjón af 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 21. gr. og 32. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, 33. og 34. gr. reglugerðar ESB nr. 2107/565,² og viðmiðunarreglna evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti nr. EBA/GL/2021/14 („Viðmiðunarreglur EBA“).³

1 Stefna og gildissvið

- 1.1 Rekstraraðili er rekstraraðili sérhæfðra sjóða („Sjóðirnir“ og hver um sig „Sjóður“) í skilningi laga nr. 45/2020.
- 1.2 Rekstraraðila ber að grípa til allra eðlilegra ráðstafana til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra.⁴ Þegar hagsmunárekstrar eru til staðar ber Rekstraraðila að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni Sjóðanna, eftir atvikum fjárfesta þeirra,⁵ en með því nær Rekstraraðili að „greina, stýra, vakta og upplýsa sérhæfða sjóði, fjárfesta og aðra eftir því sem við á um hagsmunaárekstra til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni sérhæfðra sjóða og fjárfesta þeirra og til að tryggja sanngjarna meðhöndlun sérhæfðra sjóða í rekstri rekstraraðila.“⁶
- 1.3 Stefna stjórnar er að koma á, innleiða og viðhalda skilvirkum reglum um hagsmunaárekstra í samræmi við stærð og skipulag félagsins og eðli, umfang og flækjustig starfseminnar, og þannig grípa til sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.⁷ Með því er um leið stuðlað að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina, auk þess sem að trúverðugleiki Rekstraraðila eykst.⁸
- 1.4 Reglum þessum er ætlað að greina þær aðstæður sem valda eða kunna að valda hagsmunaárekstrum sem fela í sér hættu á að hagsmunir eins eða fleiri skaðist, auk þess að tilgreina verklag sem fylgja skal og ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra.⁹

¹ Sjá skilgreiningu á fjármálastofnun í 17. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en rekstraraðilar sérhæfðra sjóða teljast til fjármálastofnunar, og eru auk þess eftirlitsskyldir aðilar, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

² Sjá 3. mgr. 32. gr. laga nr. 115/2021.

³ Sjá liði 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁴ Sjá 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/2020, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 115/2021.

⁵ Sjá lið 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁶ Sjá 2. máls. 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

⁷ Sjá 1. máls. 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

⁸ Sjá til hliðsjónar 4. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 115/2021, sem og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002.

⁹ Stjórn Rekstraraðila hefur í þessu skyni einnig samþykkt ýmsar innri reglur og stefnur sem í eðli sínu fela í sér ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

- 1.5 Með „hagsmunaárekstrum“ er átt við atvik eða aðstæður sem hugsanlega geta komið upp þegar Rekstraraðili þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að láta einn aðila í betri stöðu á kostnað annars aðila. Hagsmunaárekstrar sem falla undir skilgreiningu þessa geta verið á milli:¹⁰
- a Rekstraraðila sjálfs, þar með talið á milli tengdra aðila,¹¹ annars vegar og Sjóðs eða fjárfesta Sjóðs hins vegar.
 - b Sjóðs eða fjárfesta hans annars vegar og annars Sjóðs eða fjárfesta hans hins vegar.
 - c Sjóðs eða fjárfesta hans annars vegar og annars viðskiptavinar Rekstraraðila, þar með talið viðskiptavinar tengdra aðila, hins vegar.
 - d Tveggja viðskiptavina Rekstraraðila, þar með talið viðskiptavina tengdra aðila.

2 Greining hagsmunaárekstra

- 2.1 Starfsemi Rekstraraðila getur hugsanlega skapað hagsmunaárekstra, t.d. með eftirfarandi hætti:¹²
- a Viðskipti Rekstraraðila eða tengdra aðila með fjármálagerninga á sama tíma og Sjóður á eða hyggst eiga viðskipti með sömu fjármálagerninga, t.d. ef viðskipti lúta að fjármálagerningi sem takmarkað framboð er af eða takmörkuð eftirspurn er eftir.
 - b Rekstraraðili eða tengdir aðilar, eða viðskiptavinir útivistunaraðila eignastýringar, eiga hagsmuni tengda fjármálagerningi og Sjóður vill eiga viðskipti með eða tengd viðkomandi fjármálagerningi, og öfugt.
 - c Sjóður vill eiga viðskipti með fjármálagerning á sama tíma og annar Sjóður vill eiga viðskipti með sama fjármálagerning.
 - d Rekstraraðili eða tengdir aðilar, sem og útivistunaraðili eignastýringar eða viðskiptavinir útivistunaraðila eignastýringar, kunna að eiga hagsmuni í eða hjá útgefanda fjármálagerninga sem Sjóður á einnig hagsmuni í eða vill fjárfesta í eða skortselja gegn.¹³
 - e Útivistunaraðili eignastýringar beinir viðskiptum miðlunar fjármálagerninga til annarrar deildar innan útivistunaraðila.
 - f Rekstraraðili eða tengdir aðilar fá gjafir eða boðsferð, umfram það sem eðlilegt telst, sem gæti haft áhrif á störf þeirra fyrir Sjóðina.

3 Stýring hagsmunaárekstra

- 3.1 Rekstraraðili gerir, og skal tryggja að útivistunaraðilar geri, m.a. eftirfarandi ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, og í sumum tilvikum gilda sérstakar reglur eða stefnur sem settar hafa verið af Rekstraraðila eða útivistunaraðilum:¹⁴
- a Til að koma í veg fyrir ótakmarkað upplýsingaflæði á milli aðila, s.s. milli mismunandi starfssviða, er með huglægum og efnislegum aðskilnaði (kínámúrum) aðgangur að trúnaðarupplýsingum takmarkaður við þá aðila sem hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar og í samræmi við hagsmuni Sjóðanna eða Rekstraraðila sjálfs.
 - b Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning án

¹⁰ Sjá 2. mgr. 22. gr. laga nr. 45/2020.

¹¹ Með tengdum aðilum er átt við stjórnendur og starfsmenn Rekstraraðila og aðila sem eru tengdir Rekstraraðila í gegnum yfirráð, sbr. skilgreiningu í 22. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002. Móðurfélag Rekstraraðila, Arctica Finance hf., telst m.a. til tengdra aðila.

¹² Sjá lið 101 í Viðmiðunarreglum EBA.

¹³ Verið getur að sjóðstjóra Rekstraraðila sé ókunnugt um hagsmuni Rekstraraðila eða tengdra aðila.

¹⁴ Sjá liði 98 - 99 og 105 í Viðmiðunarreglum EBA.

- fyrirfram skriflegar heimildar regluvörslu, nema í fyrirfram skilgreindum tilvikum.
- c Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning á undan Sjóði ef áður hefur verið tekin ákvörðun um viðskipti af hálfu Sjóðs.
 - d Engin bein tengsl skulu vera á milli þóknunar starfsmanna sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og þóknunar annarra starfsmanna sem annast fyrst og fremst önnur verksvið, eða tekna sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið.
 - e Eftir því sem við á eru samþykktir viðeigandi verkferlar, er stuðla að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, lágmarki hugsanlega skaða af hagsmunaárekstrum eða veita leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hagsmunaárekstrum.
 - f Tekið er á gjöfum, boðsferðum og þóknunum við veitingu þjónustu í greinum 5 og 6.
 - g Með skilvirkum hætti ber að leita á markaði að sem hagstæðustu kjörum fyrir Sjóðina vegna miðlunar fjármálagerninga.
 - h Ákvarðanir um viðskipti fyrir Sjóðina skulu teknar sjálfstætt með hagsmuni Sjóðanna í huga.
 - i Gögn um þjónustu og viðbrögð af hálfu Rekstraraðila eru varðveitt í tilvikum er til hagsmunaárekstra kemur, sbr. grein 4.3.
- 3.2 Verði ekki, þrátt fyrir ráðstafanir samkvæmt grein 3.1, komist hjá hagsmunaárekstrum, þá ber Rekstraraðila að grípa til allra eðlilegra ráðstafana til þess að greina, stýra og vakta hagsmunaárekstra, með það markmið að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni Sjóðanna, og eftir atvikum fjárfesta þeirra, og til að tryggja sanngjarna meðhöndlun Sjóðanna í rekstri Rekstraraðila.¹⁵ Þegar hagsmunárekstrar eru til staðar ber Rekstraraðila að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni þessara aðila.¹⁶
- 3.3 Til að tryggja að útivistunaraðili eignastýringar stýri hagsmunaárekstrum með tilhlýðilegum hætti, þá skulu allar reglur og stefnur sem móðurfélag Rekstraraðila hefur sett sér, gilda um starfsmenn útivistunaraðila eignastýringar.
- ## 4 Upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra
- 4.1 Ef Rekstraraðili telur ráðstafanir sínar til að bregðast við helstu hagsmunaárekstrum ófullnægjandi skal Rekstraraðili veita Sjóðinum, og eftir atvikum fjárfestum þeirra, upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hugsanlegra hagsmunaárekstra áður en til viðskipta milli aðila er stofnað. Skal Rekstraraðili senda viðkomandi aðilum skriflega tilkynningu og skulu upplýsingarnar vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því um hvern ræðir, til að gera viðkomandi kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaárekstur tengist, sem og leita samþykki fyrir því að Rekstraraðili haldi áfram að veita tiltekna þjónustu þrátt fyrir slíka hugsanlega hagsmunaárekstra.
- 4.2 Ef til hagsmunaárekstra kemur skal Rekstraraðili upplýsa viðkomandi Sjóð, og eftir atvikum fjárfesta í honum, um þá þannig að viðkomandi geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðkomandi viðskipta og gera þær ráðstafanir sem raunhæfar kunna að teljast til þess að tryggja að viðkomandi hljóti ekki skaða af slíkum hagsmunaárekstrum. Rekstraraðila er þó ekki skylt að upplýsa um umfang slíkra hagsmuna né um tekjur eða ágóða sem tengjast slíkum hagsmunum eða skyldum, enda kann Rekstraraðila að vera óheimilt að greina frá slíkum upplýsingum á grundvelli ákvæða um þagnarskyldu.
- 4.3 Regluvarsla skal halda skrá yfir þau tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur í starfsemi

¹⁵ Sjá 2. máls. 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/2020, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 115/2021.

¹⁶ Sjá grein 4 í reglum þessum, sem og til hliðsjónar 2. mgr. 32. gr. laga nr. 115/2021 og lið 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

Rekstraraðila, sem hefur í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri Sjóðanna, eða eftir atvikum fjárfesta þeirra, skaðist, eða muni skaðast í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi og slíkt getur átt sér stað. Skráin skal innihalda upplýsingar um hvaða aðilar áttu í hlut, hvaða viðskipti var um að ræða og tegundir viðkomandi fjármálagerninga og viðskiptafærslna. Skráin skal reglulega uppfærð eftir því sem tilefni er til.¹⁷

5 Gjafir og boðsferðir frá utanaðkomandi aðilum

Gjafir

- 5.1 Starfsmönnum Rekstraraðila, og starfsmönnum útivistunaraðila eignastýringar, er óheimilt án samþykkis framkvæmdastjóra (stjórn ef um framkvæmdastjóra er að ræða) að taka við gjöfum frá útgefendum fjármálagerninga, þjónustuveitendum eða fjárfestum Sjóðanna, eða væntum fjárfestum, séu þær svo fjárhagslega verðmætar að teljast vera óhóflegar. Hér undir falla ekki tækifærisgjafir sem tíðkast almennt eða ef um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til raunverulegra eða hugsanlegra viðskipta við Rekstraraðila. Séu starfsmenn í vafa um hvort því sé heimilt að þiggja gjöf skal leita álits framkvæmdastjóra eða regluvarðar og hlíta ákvörðun þeirra. Þiggi starfsmaður oft gjafir undir framangreindum fjárhæðarmörkum frá sama aðila sem hann telur til þess fallin að draga megí hlutleysi hans í efa skal hann upplýsa framkvæmdastjóra eða regluvarð þar um. Framkvæmdastjóri getur farið fram á að gjöfum sem starfsmenn þiggja í ósamræmi við þessa grein sé skilað, að starfsmaður endurgreiði allan kostnað eða að gjöfin sé gefin til góðgerðamála. Sjóðunum er óheimilt að gefa gjafir, af hvaða tagi sem er.
- 5.2 Ef Rekstraraðili gefur útgefendum fjármálagerninga, þjónustuveitendum, fjárfestum Sjóðanna, eða væntum fjárfestum, gjafir skal hugað að því að gæta hófs og skulu gjafir vera í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands. Með gjöfum er ekki átt við persónulegar tækifærisgjafir, sem gefnar eru óháð samskiptum við Rekstraraðila.

Boðsferðir

- 5.3 Starfsmönnum Rekstraraðila, og starfsmönnum útivistunaraðila eignastýringar, er óheimilt að þiggja boðsferðir frá útgefendum fjármálagerninga, þjónustuveitendum eða fjárfestum Sjóðanna, eða væntum fjárfestum. Með boðsferðum er t.d. átt við viðburði og ferðalög, bæði innanlands og utan, sem greitt er fyrir af öðrum en þeim sem þiggur eða nýtur.¹⁸ Undanþegin eru boð á viðburði,¹⁹ þar sem kostnaður er talinn vera ekki óhóflegur og í samræmi við eðli viðskiptasambands. Undanþegnar eru einnig þær ferðir sem telja má að hafi upplýsingagildi fyrir Rekstraraðila, geri starfsmenn hæfari í starfi eða eru nauðsynlegar til að þróa eða viðhalda viðskiptasambandi. Í þessum tilvikum skulu viðkomandi yfirmaður og regluvarður meta hvort svo sé. Eftir atvikum skal Rekstraraðili, eða tengdur aðili, greiða fyrir slíkar ferðir sem hafa verið heimilaðar nema annað sé sérstaklega ákveðið af yfirmanni eða framkvæmdastjóra. Sjóðunum er óheimilt að bjóða í boðsferðir, af hvaða tagi sem er.
- 5.4 Bjóði Rekstraraðili, eða útivistunaraðili eignastýringar, útgefendum fjármálagerninga, þjónustuveitendum, fjárfestum Sjóðanna, eða væntum fjárfestum, í boðsferðir skal miða við að kostnaður vegna slíks boðs sé hóflegur og í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands.

¹⁷ Sjá liði 108 - 109 í Viðmiðunarreglum EBA.

¹⁸ Með boðsferðum er ekki átt við þær aðstæður ef starfsmanni er boðið að taka, sem maka, þátt í viðburðum eða boðsferðum á vegum vinnuveitanda maka eða vegna starfa hans.

¹⁹ T.d. námskeið, fyrirlestrar, íþróttakappleikir, listsýningar, tónleikar eða golfmót.

6 Þóknanir við veitingu þjónustu

- 6.1 Þóknanir²⁰ sem Rekstraraðili móttækur eða lætur af hendi til þriðja aðila í tengslum við veitingu á þjónustu, geta verið til þess fallnar að valda hagsmunaárekstrum í starfsemi Rekstraraðila.
- 6.2 Rekstraraðila er óheimilt að greiða þóknanir til, eða taka við slíkum greiðslum frá, þriðja aðila, í tengslum við veitingu þjónustu, (að sama skapi er útvistunaraðila eignastýringar óheimilt að greiða þóknanir til, eða taka við slíkum greiðslum frá, þriðja aðila, í tengslum við veitingu þjónustu fyrir Rekstraraðila) nema eftirfarandi skilyrði séu öll uppfyllt:²¹
- Greiðslan er til þess fallin að auka gæði þjónustu við Sjóð. Greiðsla telst til þess fallin að auka gæði þjónustu ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
 - Greiðslan er í hlutfallslegu samræmi við aukna þjónustu.
 - Rekstraraðili, starfsmenn hans eða hluthafar hafa ekki beinan ávinning af greiðslunni nema hún hafi einnig í för með sér áþreifanlegan ávinning fyrir Sjóð.
 - Sé greiðslan viðvarandi skal ávinningur fyrir Sjóð einnig vera viðvarandi og Sjóðirnir skulu jafnframt upplýstir árlega um slíkar greiðslur.
 - Greiðslan kemur ekki í veg fyrir að Rekstraraðili starfi af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni Sjóðanna.
 - Sjóður er, áður en þjónusta er veitt, upplýstur skilmerkilega og á skiljanlegan hátt um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunar. Upplýsa má með almennum hætti um minniháttar ófjárhagslegan ávinning.²² Í undantekningartilvikum er heimilt að upplýsa Sjóð eftir á, enda sé hann þá upplýstur eins fljótt og kostur er eftir að þjónusta hefur verið veitt.
- 6.3 Þrátt fyrir grein 6.2 þá er Rekstraraðila heimilt að móttaka þóknanir frá þriðja aðila ef þeim er að fullu miðlað til Sjóðs.

7 Eftirlit með framkvæmd reglna þessara

- 7.1 Regluvörður, með aðstoð ábyrgðarmanns áhættustýringar, annast eftirlit með framkvæmd og framfylgni reglna þessara og hefur forgöngu um túlkun þeirra.
- 7.2 Sjóðirnir, og eftir atvikum fjárfestar þeirra, sem og starfsmenn Rekstraraðila og útvistunaraðila, skulu eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að Rekstraraðili, útvistunaraðili eða starfsmaður þeirra hafi brotið gegn reglum þessum.²³
- 7.3 Regluvörður skal hafa gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna eftirlits samkvæmt reglum þessum, þ.m.t. hafa aðgengi að fundum og fundargerðum. Starfsmenn Rekstraraðila og útvistunaraðila eignastýringar, þ. á m. framkvæmdastjóri og sjóðstjórar, skulu tilkynna regluverði sérstaklega og tímalega vakni grunur um hagsmunaárekstra eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram.
- 7.4 Ef upp koma aðstæður eða atvik er regluvörður telur að valdið geti hagsmunaárekstum sem skaðað geta hagsmuni aðila sem ætlað er að vernda með reglum þessum og/eða til að koma í veg fyrir tilteknar aðstæður eða atvik komi upp, þá hefur regluvörður heimild til að stöðva

²⁰ Með „þóknunum“ í reglum þessum er einnig átt við umboðslaun og annan fjárhagslegan eða ófjárhagslegan ávinning. Undir þóknanir falla ekki greiðslur sem gera Rekstraraðila kleift, eða eru nauðsynlegar vegna veitingar þjónustu, s.s. vörslu-, uppgjörs- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða annað sem getur ekki, eðli sínu samkvæmt, hindrað Rekstraraðila í að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum viðskiptavina (sjá til hliðsjónar 4. mgr. 36. gr. laga nr. 115/2021).

²¹ Sjá til hliðsjónar 2. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 115/2021.

²² Til minni háttar ófjárhagslegs ávinnings teljast m.a. I) upplýsingar um fjármálagerning eða fjárfestingarþjónustu, hvort sem er almenns eðlis eða aðlagðar að aðstæðum tiltekins aðila, II) upplýsingar frá útgefanda, eða þriðja aðila í umboði hans, sem birt er á sama tíma öllum sem þess óska eða almenningi, III) þátttaka á ráðstefnum, fyrirlestrum og öðrum fræðsluviðburðum um ávinning og eiginleika tiltekins fjármálagernings eða fjármálaþjónustu, og IV) hófleg risna, s.s. matur og drykkur, á t.d. viðskiptafundi.

²³ Sjá lið 103 í Viðmiðunarreglum EBA.


einstök viðskipti starfsmanna sem og til að bakfæra viðskipti starfsmanna sem þegar hafa verið framkvæmd, telji regluvörður að viðskiptin eigi ekki að eiga sér stað eða skuli ekki hafa átt að eiga sér stað. Þá hefur regluvörður heimild til að upplýsa framkvæmdastjóra og yfirmann starfsmanns um starfshætti starfsmanns, eða starfsmanns útvistunaraðila, sem ganga í berhögg við reglur þessar.

- 7.5 Innri endurskoðun skal árlega leggja mat á eftirfylgni Rekstraraðila og starfsmanna þess með reglum þessum, sem og útvistunaraðila eignastýringar.

8 Endurskoðun reglna þessara

- 8.1 Endurskoða skal reglur þessar reglulega til að greina hvort þær séu nægilega skilvirkar í framkvæmd eða ef til koma breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem snerta efni þeira.²⁴
- 8.2 Komi Rekstraraðili til með að auka við þá starfsemi og þjónustu er félagið býður upp, skulu reglur þessar endurskoðaðar því til samræmis.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 30. mars 2022 og breytt þann 14. október 2022.



²⁴ Sjá 5. mgr. 34. gr. reglugerðar ESB 2017/565.